

Þriðjudaginn 23. apríl 1996.

Nr. 118/1996.

Gísli Örn Lárusson

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord

Försäkringsaktiebolaget Skandia

og

Leif Göran Victorin

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi. Aðild. Lögvarðir hagsmunir. Málshöfðunarfrestur. Litis pendens-áhrif. Vanreifun. Varnarþing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1996, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðilum er vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst enn fremur málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur „að öðru leyti en því, að málskostnaður, sem sóknaraðili var dæmdur til að greiða, verði hækkaður“. Þeir krefjast enn fremur kærumálskostnaðar.

I.

Í fyrsta og öðrum kafla hins kærða úrskurðar er gerð grein fyrir atvikum málsins og þeim kröfum, sem sóknaraðili hefur uppi í máli þessu á hendur varnaraðilum. Þar er jafnframt fjallað um, hvernig margháttaður ágreiningur málsaðila hefur áður leitt til dómsmála þeirra á milli. Er þar um að ræða gerðardómsmál, sem lauk með dómi 20. janúar 1995, og mál, sem nú eru rekin bæði fyrir Héraðs-

dómi Reykjavíkur og samningsbundnum gerðardómi, auk þessa máls. Í þriðja kafla úrskurðarins eru raktar þær málsástæður, sem varnaraðilar reisa kröfu sína um frávísun málsins á. Vísast til hins kærða úrskurðar um þessi atriði. Verður afstaða tekin hér á eftir til einstakra málsástæðna aðila varðandi frávísunarkröfu.

II.

Varnaraðilar halda fram, að sóknaraðili sé ekki hluthafi í Vátryggingafélaginu Skandia hf. og gegni ekki trúnaðarstörfum fyrir það. Njóti hann því ekki réttar til að höfða þetta mál á grundvelli 1. mgr. og a- til c-liðar 3. mgr. 96. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Beri af þeim sökum að vísa málinu frá dómi. Þar eð sóknaraðili sé ekki hluthafi, skorti hann jafnframt lögvarða hagsmuni til að fá dóm um þær kröfur, sem hann gerir. Að öðrum kosti væru dómstólar að svara lögspurningu hans, en ekki að kveða á um kröfurétt aðila. Slíkt sé óheimilt, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Leiði það einnig til þeirrar niðurstöðu, að vísa beri málinu frá dómi.

Sóknaraðili reisir kröfur sínar í málinu á þeirri forsendu, að vegna niðurstöðu gerðardóms 20. janúar 1995 sé hann hluthafi í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Sú niðurstaða um stöðu hans í félaginu, sem ekki hafi verið hnekkt, heimili honum að hafa uppi kröfur sínar í þessu máli. Jafnvel þótt ekki yrði á þetta fallist, gæti það atriði ekki leitt til frávísunar málsins, heldur sýknu.

Ágreiningur um það, hvort sóknaraðili sé hluthafi í Vátryggingafélaginu Skandia hf., er til úrlausnar í öðru dómsmáli, sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Hver sem niðurstaða þess máls verður, getur þessi málsástæða varnaraðila ekki leitt til frávísunar, enda leiða varnir, sem reistar eru á aðildarskorti, til sýknu, ef á þær verður fallist, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Röksemdir varnaraðila um, að sóknaraðila skorti lögvarða hagsmuni til að fá úrlausn krafna sinna geta ekki heldur leitt til frávísunar málsins. Úr kröfum sóknaraðila í þessu máli verður ekki leyst að efni til nema að fenginni þeirri niðurstöðu í þessu eða öðru máli, að hann sé hluthafi í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Getur því ekki komið til þess, að úrlausn um kröfur hans geti falið í sér svar við lögspurningu, sem varnaraðilar kalla svo, gagnstætt ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Varnaraðilar reisa kröfu sína um frávísun jafnframt á því, að einungis Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord hafi átt aðild að því gerðardómsmáli, sem lauk með dómi, upp kveðnum 20. janúar 1995, en ekki aðrir varnaraðilar. Niðurstaða þess dóms bindi ekki aðra en þá, sem aðild áttu að málinu. Ekki verður heldur fallist á kröfu varnaraðila á þessum grunni, enda varða þau atriði, sem að framan greinir, efnishlið málsins og geta ekki leitt til frávísunar þess.

Samkvæmt þessu verður ekki fallist á framangreindar málsástæður varnaraðila fyrir kröfu hans um frávísun málsins.

III.

Þá reisa varnaraðilar kröfu sína um frávísun málsins á því, að það sé of seint höfðað. Ákvörðun um aukningu hlutafjár í Vátryggingafélaginu Skandia hf., sem sóknaraðili leitist við að fá ógilta með dómi, hafi verið tekin 30. desember 1992, en málið hafi ekki verið höfðað fyrr en 22. júní 1995. Lögboðnir frestir til málshöfðunar hafi þá verið liðnir. Vísa varnaraðilar um það til 2. mgr. 96. gr. laga nr. 2/1995, en samkvæmt því ákvæði sé frestur til málshöfðunar þrír mánuðir, frá því að umþrætt ákvörðun var tekin. Jafnvel þótt tveggja ára frestur samkvæmt d-lið 3. mgr. 96. gr. laganna væri talinn eiga hér við, yrði niðurstaðan hin sama.

Í málátilbúnaði sínum vísar sóknaraðili til a- til c-liðar 3. mgr. 96. gr. laga nr. 2/1995. Er hann meðal annars reistur á þeim málsástæðum, að ólöglega hafi verið staðið að ákvörðun um aukningu hlutafjár í Vátryggingafélaginu Skandia hf., sbr. a-lið 3. mgr. 96. gr. laganna, og að reglna um boðun til hluthafafundar hafi ekki verið gætt, sbr. c-lið sömu greinar. Úr þessu verður ekki skorið nema í tengslum við efnishlið málsins. Með því að málsóknin er reist á þessum ákvæðum laga um hlutafélög, eru ekki skilyrði fyrir því að fallast á kröfu um frávísun málsins, en samkvæmt nefndum ákvæðum laganna eru ekki settir sérstakir frestir til höfðunar máls, ef atvik eru svo vaxin sem þar getur.

IV.

Til stuðnings kröfu sinni um frávísun vísa varnaraðilar enn fremur til þess, að fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur er nú rekið mál, sem Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord hefur höfðað til að fá ógilta

niðurstöðu gerðardóms frá 20. janúar 1995. Varakrafa í því máli beinist að fjárhagslegu uppgjöri, verði aðalkröfunni hafnað. Það mál hafi verið þingfest, áður en sóknaraðili höfðaði þetta mál. Auk þess hafi sóknaraðili sjálfur höfðað mál fyrir gerðardómi og gert þar kröfu um afhendingu hlutabréfa í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Þar eð ágreiningur um eignarhald sóknaraðila að hlutabréfum í félaginu sé til úrlausnar í öðrum málum, beri að vísa kröfum hans í þessu máli frá dómi. Vísa varnaraðilar um þetta til 24. gr. og 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 og 2. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Samkvæmt 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 skal vísa frá dómi kröfu, sem þegar hefur verið gerð í öðru dómsmáli, er áður var þingfest. Hvorki í máli því, sem einn varnaraðila hefur höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, né í fyrrgreindu gerðardómsmáli er gerð krafa um gildi hlutafjárukningar í Vátryggingafélaginu Skandia hf. 30. desember 1992. Þar eru ekki heldur gerðar aðrar þær kröfur, sem sóknaraðili hefur hér uppi. Verður því ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun á þessum grundvelli. Þeir hafa ekki heldur sýnt fram á, að ágreiningsefni málsins eigi undir gerðardóm samkvæmt samningum aðila. Er þá litið til þess, að kröfur sóknaraðila varða hlutafjárukningu og ráðstöfun hlutafjár í kjölfar samnings hans við einn varnaraðila 29. desember 1992, en til slíkra atriða taka ekki samningar sóknaraðila og þessa varnaraðila, sem gerðardómsmeðferð ágreiningsefna þeirra er reist á. Krafa varnaraðila verður því ekki tekin til greina á þessum grunni.

V.

Varnaraðilar telja kröfur sóknaraðila vera vanreifaðar, sem auk annars eigi að leiða til þess, að málinu verði vísað frá dómi. Eru sjónarmið varnaraðila um þetta reifuð í hinum kærða úrskurði.

Kröfur sóknaraðila í málinu eru nægjanlega skýrar, svo að leggja megí á þær efnisdóm. Á málatilbúnaði hans eru ekki slíkir gallar að öðru leyti, að frávísun verði fyrir þessar sakir. Verður ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun, sem á þessum ástæðum er reist.

VI.

Að því er varðar varnaraðilann Leif Göran Victorin, er krafa um frávísun sérstaklega studd við það, að hann eigi ekki varnarþing hér

á landi, þar eð lögheimili hans sé í Svíþjóð. Er því haldið fram, að heimild 43. gr. laga nr. 91/1991 til að sækja erlendis búsettan mann í dómsmáli hér á landi geti ekki átt við í þessu tilviki. Krafa sóknaraðila á hendur honum sé sjálfstætt sakarefni, og eigi ákvæði 42. gr. laganna ekki við hér. Skilyrði séu því ekki til að hafa uppi kröfu á hendur þessum varnaraðila með öðrum sakarefnum málsins, enda sé skilyrðum 18. gr. laganna um samaðild ekki fullnægt gegn mótmælum hans.

Sóknaraðili vísar til þess, að hann hafi stefnt þessum varnaraðila til að þola dóm á grundvelli heimildar í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991, enda sé fullnægt skilyrðum greinarinnar fyrir samlagsaðild hans með öðrum varnaraðilum í málinu. Heimild 42. gr. laganna nái því til þess að stefna honum við hlið annarra varnaraðila.

Varnaraðilar hafa ekki andmælt því sérstaklega, að um sé að ræða skilyrði samlagsaðildar samkvæmt 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 til að sækja þá alla í einu máli. Að því virtu og með vísan til 1. mgr. 42. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. nefndra laga, eru reglur um varnarþing því ekki til fyrirstöðu, að Leif Göran Victorin verði gert að þola dóm um kröfur sóknaraðila á hendur honum í málinu.

VII.

Samkvæmt öllu framangreindu verður tekin til greina krafa sóknaraðila um að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Verður varnaraðilum gert að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að úrslit annarra mála, sem rekin eru vegna ágreiningsefna aðilanna og áður er greint frá, geta óhjákvæmilega skipt miklu fyrir niðurstöðu um kröfur sóknaraðila í þessu máli. Er ástæða til, að héraðsdómari gæti að ákvæðum 3. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 við framhald á meðferð þessa máls.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Varnaraðilar, Vátryggingafélagið Skandia hf., Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord, Försäkringsaktiebolaget Skandia

og Leif Göran Victorin, greiði sameiginlega sóknaraðila, Gísla Erni Lárussyni, samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. mars 1996.

I.

Mál þetta hefur Gísli Örn Lárusson, kt. 050348-4239, Sóleyjargötu 1, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 22. júní 1995, á hendur Vátryggingafélaginu Skandia hf., kt. 681272-0469, Laugavegi 170, Reykjavík, Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord kt. 516401-8102, Sveavägen 44, Stokkhólmi, Svíþjóð, Försäkringsaktiebolaget Skandia, kt. 502017-3083, Sveavägen 44, Stokkhólmi, Svíþjóð, og Leif Göran Victorin, kt. 400706-4332, Östermalmsgatan 11, Stokkhólmi, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda eru aðallega:

1) Að ógilt verði með dómi ákvörðun hluthafafundar í Vátryggingafélaginu Skandia hf. 30. desember 1992, þar sem samþykkt var að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé félagsins um 140.000.000 kr. Þess er jafnframt krafist, að þau hlutabréf, sem út voru gefin vegna hlutafjárauðningarinnar, verði dæmd ógild.

2) Að viðurkennt verði með dómi, að hlutir, að fjárhæð 600.000 kr., sem hlutaféð í Vátryggingafélaginu Skandia hf. var hækkað um við samruna Reykvískrar endurtryggingar hf. við Vátryggingafélagið Skandia hf., séu eign Vátryggingafélagsins Skandia hf.

3) Að ógilt verði með dómi framsal á Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord til Leifs Göran Victorin á hlutafé, að fjárhæð 1.262 kr., í Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Til vara, ef aðalkrafa verður ekki tekin til greina:

1) Að ógilt verði með dómi tilkynning, dags. 31. desember 1992, frá Vátryggingafélaginu Skandia hf. til Hlutafélagaskrár um, að hlutafé félagsins hafi verið aukið um 140.000.000 kr. og að hlutaféð sé allt innborgað.

Til þrautavara, ef aðalkrafa nr. 1 og varakrafa verða ekki teknar til greina:

1) Að ógilt verði með dómi áskrift Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord 31. desember 1992 að hlutum, að fjárhæð 49.980.000 kr., af hlutafjárauðningu í Vátryggingafélaginu Skandia hf., sem heimiluð var á hluthafafundi 30. desember 1992 og ákveðin á stjórnarfundi í félaginu 31. desember 1992. Jafnframt er þess krafist, að viðurkennt verði með dómi, að stefnandi eigi forgangsrétt til áskriftar að þessum hlutum.

Í öllum tilvikum er þess krafist, að Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord, Försäkringsaktiebolaget Skandia og Vátryggingafélagið Skandia hf.

verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndu krefjast þess aðallega, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi, en til vara er krafist sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er þess krafist, að stefnandi greiði stefndu málskostnað auk virðisaukaskatts og útlagðs kostnaðar.

Til úrlausnar í þessu máli er, hvort vísa eigi því frá dómi að kröfu stefnda. Var málið munnlega flutt um þann þátt þess 16. febrúar sl. í samræmi við 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

II.

Hinn 26. júní 1991 keypti Forsäkringsaktiebolaget Skandia, hér eftir kallað Skandia, sem nú heitir Forsäkringsaktiebolaget Skandia-Nord, hér eftir kallað Skandia-Nord, hluti annarra hluthafa en stefnanda í Reykvískri tryggingu hf., nú Vátryggingafélagið Skandia hf. Þá var hlutafé félagsins aukið, og eftir kaupin og hlutafjárukninguna átti stefnandi 35,7% af heildarhlutafé félagsins, 4804 hluti, en Forsäkringsaktiebolaget Skandia 64,3%. Reykvísk trygging hf. hét áður Reykvísk endurtrygging hf., en nafni félagsins var breytt á hluthafafundi í félaginu 2. janúar 1991.

Stefnandi kveður forsendur Skandia-Nord fyrir kaupunum hafa verið þær, að stefnandi ætti áfram stóran hlut í félaginu og hefði hann skuldbundið sig til að eiga sinn hlut og starfa sem forstjóri félagsins og vera í stjórn þess til 31. desember 1997, en þá skyldi Skandia-Nord kaupa hluti hans og greiða fyrir þá ákveðið verð, og voru reikningsforsendur kaupverðsins fastsettar í samningnum. Forsendur stefnanda voru, að Skandia-Nord stæði við bakið á félaginu við markaðssókn þess. Kveður stefnandi samning þennan hafa verið hluthafasamning, þ. e. samning milli þeirra, sem áttu allt hlutafé félagsins, og að í honum væri ákvæði um, að samningurinn gengi framar samþykktum félagsins.

Kveður stefnandi hafa verið ljóst um mitt ár 1992, að auka þyrfti gjaldþol og greiðsluhæfi félagsins vegna mikillar markaðssóknar þess. Hinn 12. ágúst 1992 hafi endurskoðendur félagsins skrifað stjórninni bréf og fullyrt, að bæta þyrfti fjárhagsstöðu félagsins strax. Stefnandi kveður sér hafa verið falið á stjórnarfundi í félaginu 10. september 1992 að gera tillögur um, hvernig bæri að mæta lækkanði gjaldhæfi og greiðsluhæfi félagsins, og varð niðurstaðan sú, að hlutafé félagsins skyldi aukið. Hafi vegna þessa komið skrifleg tillaga frá Skandia-Nord til stefnanda og þar verið gert ráð fyrir, að hlutafé félagsins yrði aukið um 60.000.000 kr. árið 1992 og um 40.000.000 kr. árið 1993 og að stefnandi fengi að láni hjá Skandia-Nord fyrir framlagi

sínu til hlutafjárukningarinnar. Skyldi lánið greitt, þegar uppgjör færi fram milli aðila, er hlutabréfin yrðu keypt af stefnanda í árslok 1997.

Stefnandi kveður aldrei hafa verið gengið frá hlutafjárukningunni með formlegum hætti og hún aldrei ákveðin á formlegum hluthafafundi, en í samræmi við samkomulag þetta hafi Skandia-Nord greitt félaginu 18.387.400 kr. 10. desember 1992, og hafi sú fjárhæð verið færð sem lán til félagsins.

Stefndu kveða, að samkvæmt samningi aðila, dags. 26. júní 1991, skyldi stefnandi vera framkvæmdastjóri félagsins í tiltekinn tíma og sjá um daglegan rekstur þess í samræmi við ákveðna stefnu, sem mótuð hafi verið við samningsgerðina, og síðar stjórn félagsins. Upp úr miðju ári 1992 og einkum síðari hluta þess árs hafi meirihlutaeigendum félagsins og stjórnarmönnum þess borist upplýsingar um alvarlegar misfellur í starfi stefnanda við stjórnun félagsins. Hafi upplýsingar þessar komið frá KPMG-endurskoðun hf., sem hafi verið og sé endurskoðandi Vátryggingafélagsins Skandia, og TRG-Revision, sem sé endurskoðandi sænsku Skandia-samsteypunnar og tengt alþjóðlega endurskoðunarfirmanu Deloitte Touche Tohmatsu International.

Þær ávirðingar hafi verið eftirfarandi:

a) Að stefnandi og ýmsir aðilar, sem hann var í hagsmunatengslum við, hefðu án heimildar fengið greidda peninga frá Vátryggingafélaginu Skandia hf., og næmi skuld stefnanda og félaga hans hátt á annan tug milljóna, sem á þeim tíma hefði verið nálægt eigin fé félagsins.

b) Danska vátryggingafélagið Dansk Kaution, sem Vátryggingafélagið Skandia hf. var með endurtryggingarsamning við, hafi gert alvarlegar atugasemdir við útgáfu stefnanda á greiðsluvátryggingum og uppgjör á tjónmálum. Hafi fyrirsvarsmenn Dansk Kaution talið starfshætti stefnanda við útgáfu og uppgjör ekki samræmast góðum vátryggingarvenjum og hagsmuna endurtryggjandans ekki nægilega gætt.

c) Stefnandi hafi ekki sinnt því að ganga frá skriflegum endurtryggingarsamningi um bifreiðatryggingar félagsins, þótt hann fullyrti við stjórn félagsins, að frá slíkum samningi væri gengið. Þessi vanræksla hafi síðan leitt til verulegrar óvissu um það, hvort bifreiðatryggingaþáttur félagsins væri endurtrygður.

d) Komið hafi í ljós, að stefnandi hefði ekki farið eftir þeirri stefnu-mótun, sem lögð voru drög að í samningi aðila 26. júní 1991 og síðar með ákvörðunum stjórnar félagsins. Í stað þess að leggja áherslu á sölu einka-vátrygginga hafi stefnandi lagt áherslu á sölu fyrirtækjatrygginga.

e) Þrátt fyrir það ákvæði í samningi aðila frá 26. júní 1991, að stefnandi

skyldi nota alla starfskrafta í þágu félagsins, hafi komið í ljós, að hann sæti í stjórnnum annarra félaga og sinnti störfum fyrir þau.

f) Á grundvelli brotalamanna í skipulagi og innra eftirliti félagsins svo og meðferðar stefnanda á fjármunum félagsins hafi íslensku endurskoðendurnir efast um hæfni stefnanda til að stjórna félaginu.

Eftir að ávirðingar þessar höfðu komið í ljós, kveða stefndu hafa orðið algeran trúnaðarþrest á milli stefnanda og fyrirsvarsmanna hins sænska meirihlutaeiganda félagsins. Hafi verið ljóst, að samstarfi aðila væri lokið og að semja þyrfti um slit á samningi aðila frá 26. júní 1991.

Stefnandi telur, að sér hafi verið settir afarkostir um miðjan desember 1992, þegar forsvarsmenn Skandia-Nord hafi viljað setja sig af sem forstjóra félagsins og kaupa hlut sinn í félaginu. Hafi þeir fundið stjórnunarháttum hans allt til foráttu. Þeir hafi hins vegar ekki viljað kaupa hluti hans á uppsettu verði.

Með samningi stefnanda og Skandia, nú Skandia-Nord, 18. desember 1992 keypti stefnandi alla hluti Skandia í Vátryggingafélaginu Skandia hf., áður Reykvísk trygging hf. Kaupverðið var 1 króna, en auk þess voru afskrifaðar kröfur, sem Skandia átti á Vátryggingafélagið Skandia hf.; annars vegar var um að ræða NOK 3.800.000 að höfuðstól og hins vegar skuld að fjárhæð SEK 2.000.000 að höfuðstól.

Þegar eftir samninginn 18. desember 1992 kveður stefnandi Leif Victorin, forsvarsmann seljanda, hafa lýst ranglega yfir því við íslensk yfirvöld vátryggingamála, að Vátryggingafélagið Skandia hf. nyti ekki og hefði aldrei notið endurtryggingarverndar hjá Skandia-samsteypunni.

Árni Tómasson, löggiltur endurskoðandi, kannaði stöðu Vátryggingafélagsins Skandia hf. fyrir Vátryggingaeftirlitið og skilaði álitinu 22. desember 1992. Taldi hann nauðsynlegt að fá staðfestingu á endurtryggingarsamningum félagsins, og í annan stað þyrftu forráðamenn félagsins að leggja fram sönnun þess, að hlutafé félagsins hefði verið aukið um 60.000.000 kr.

Stefnandi kveðst hafa verið nauðbeygður vegna ummæla Leifs Victorin að selja Skandia-Nord alla hluti sína í félaginu 29. desember 1992 fyrir mun lægra verð en hann hafði áður viljað selja á. Þá hafi hann jafnframt þurft að láta af störfum hjá félaginu, og bundinn hafi verið endi á húsaleigusamning, sem félagið hafði gert við félag í eigu stefnanda, Staðastað hf.

Stefndu kveða stefnanda hafa reynt að selja Vátryggingafélagið Skandia hf. eða hlutabréf í því öðrum tryggingafélögum hér á landi, eftir að hann var orðinn einn eigandi þess. Hafi Skandia, nú Skandia-Nord, samþykkt eftir mikinn þrýsting frá Vátryggingaeftirlitinu og stjórnarformanni Vátryggingafélagsins Skandia hf. og í því skyni að tryggja hagsmuni vátrygg-

ingartaka hjá félaginu að ganga til samninga við stefnanda um yfirtöku á Vátryggingafélaginu Skandia hf. Var gerður kaupsamningur 29. desember 1992, og eignaðist Skandia, nú Skandia-Nord, öll hlutabréfin í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Kaupverð var 19.000.000 kr.

Í samningi aðila frá 29. desember 1992 er tekið fram, að samningurinn frá 18. desember 1992 falli úr gildi.

Hinn 30. desember 1992 var haldinn hluthafafundur í Vátryggingafélaginu Skandia hf., og sátu þann fund Ragnar Aðalsteinsson, stjórnarformaður félagsins, ásamt Friðrik Jóhannssyni framkvæmdastjóra félagsins, og Jóhannesi Sigurðssyni varastjórnamanni. Var bókað á þeim fundi, að Ragnar Aðalsteinsson hefði umboð frá Skandia, dags. 29. desember 1992, til þess að fara með atkvæði þess á fundinum. Var sú ákvörðun tekin á fundinum að heimila stjórn félagsins að hækka hlutafé þess með áskrift nýrra hluta um allt að 140.000.000 kr. næstu fimm mánuði.

Á stjórnarfund í félaginu, sem haldinn var 31. desember 1992, var samþykkt að nýta heimild hluthafafundarins til hækkunar hlutafjár, og var bók- að, að Skandia hefði skrifað sig fyrir öllum aukningarhlutunum, og skyldi aukningin greidd þannig, að 58.000.000 kr. greiddust með því, að skuld Vátryggingafélagsins Skandia hf. við Skandia breyttist í hlutafé, 27.000.000 kr. greiddust í peningum og eftirstöðvar, 55.000.000 kr., með skammtíma- skuldabréfi, sem síðar reyndist vera að fjárhæð 60.000.000 kr., út gefið 22. janúar 1993.

Stefndu kveða peningana hafa verið greidda og skuldabréfið út gefið 31. desember 1992 55.000.000 kr. hafi verið geymt hjá aðaleiganda Vátryggingafélagsins Skandia hf. í Svíþjóð, en átt að senda það til Íslands við fyrsta tækifæri. Þegar síðan hafi komið að því að senda skuldabréfið og í tengslum við uppgjör á þeim viðskiptum, sem fram fóru í árslok 1992, hafi Skandia, nú Skandia-Nord, ákveðið að fella niður áfallna vexti af láni til Vátryggingafélagsins Skandia hf. og hækka skuldabréfið upp í 60.000.000 kr., og hafi þessi ráðstöfun verið til hagsbóta Vátryggingafélaginu Skandia hf., og hafði Skandia, nú Skandia-Nord, þá í raun innt af hendi meiri verðmæti til félagsins en það hafði tekið á sig með upphaflegri áskrift. Bréf með hinni nýju fjárhæð hafi verið gefið út 22. janúar 1993 og sent Vátryggingafélaginu Skandia hf. Skuld samkvæmt bréfinu skyldi greiða 30. desember 1993, og sé hún að fullu greidd.

Stjórnarformaður félagsins sendi Hlutafélagaskrá og Vátryggingafélaga- skrá tilkynningu, dags. 31. desember 1992, og tilkynnti þar um aukningu hlutafjár, að fjárhæð 140.000.000 kr. Kveða stefndu, að með tilkynningunni hafi verið sendar fundargerðir hluthafafundarins 30. desember 1992 og

stjórnarfundanna 30. og 31. desember 1992. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við tilkynninguna af hálfu þessara aðila né við greiðslumátann.

Stefndu segja, að síðasta dag ársins 1992 hafi Skandia, nú Skandia-Nord, ákveðið að framselja Leif Göran Victorin hlut Vátryggingafélagsins Skandia hf., að nafnverði 1.262 kr., og hafi það verið gert til að svara kröfum þágildandi hlutafélagalaga um lágmarksfjölda hluthafa.

Stefndu kveða hafa komið í ljós í byrjun árs 1993, að ýmsar skuldbindingar, er stefnandi hafi sem framkvæmdastjóri stofnað til fyrir hönd félagsins, hafi ekki verið færðar í bækur þess. Í samræmi við ákvæði samningsins frá 29. desember 1992 um ábyrgð stefnanda á skuldbindingum, sem ekki kæmu fram í reikningum félagsins, hafi verið lýst yfir skuldajöfnuði á þeim kröfum og kaupsamningsgreiðslum og réttur áskilinn til að krefja stefnanda um þær fjárhæðir, sem umfram væru. Hafi stefnandi ekki gert reka að því að hnekkja skuldajöfnuði.

Á stjórnarfundum í Vátryggingafélaginu Skandia hf. og Reykvískri tryggingu hf. 19. nóvember 1993 var ákveðið að sameina síðarnefnda félagið hinu fyrrnefnda, og varð Reykvísk trygging hf. dótturfyrirtæki Vátryggingafélagsins Skandia hf. Við samrunann kveður stefnandi hlutafé Vátryggingafélagsins Skandia hf. hafa verið aukið um 600.000 kr. og að félagið sjálft hafi orðið eigandi þess hlutafjár. Í tilkynningu til Vátryggingaeftirlitsins 9. mars 1995 hafi Skandia verið fyrir misgáning tilgreint sem eigandi þessa hlutafjár, en með tilkynningu 9. maí 1995 hafi þetta verið leiðrétt.

Í tengslum við endurskipulagningu uppbyggingar Skandiasamsteypunnar 30. júní 1993 var nafni Försäkringsaktiebolaget Skandia breytt í Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord. Á sama tíma var nafni móðurfélags Skandiasamsteypunnar breytt úr Skandia Group Försäkringsaktiebolaget í Försäkringsaktiebolaget Skandia. Við þessa endurskipulagningu kveða stefndu hlutabréf í mörgum dótturfélögum hafa verið framseld móðurfélaginu, þar á meðal hlutabréf Skandia-Nord í Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Rösklega einu og hálfu ári eftir samninga um yfirtöku hins sænska hluthafa á félaginu, þ. e. 6. júlí 1994, höfðaði stefnandi gerðardómsmál á hendur Skandia-Nord og krafðist þess, að samningar aðila frá 29. desember 1992 og 18. desember 1992 yrðu ógiltir. Gerðardómurinn kvað upp dóm sinn í málinu 20. janúar 1995, og var niðurstaðan sú, að samningarnir væru ógildir. Skandia-Nord hafði gert þær kröfur fyrir gerðardóminum, að ef samningarnir yrðu ógiltir, yrði stefnanda gert að greiða varnaraðila SEK 15.293.523, sem hann taldi samsvara 35,7% af þeirri fjárhæð, er hann hafi lagt til Reykvískrar tryggingar hf., nú Vátryggingafélagsins Skandia hf., eftir 29. desember 1992 með leiðréttingum vegna endurtryggingarsamninga og að við bætt-

um vöxtum. Krafðist hann þess, að úrskurðað yrði, að stefnandi skyldi ekki fá hlutabréf sín afhent, fyrr en hann hefði greitt þessar fjárhæðir. Kröfum þessum mótmælti stefnandi, og taldi gerðardómurinn, að kröfur þessar féllu utan verksviðs dómsins, og vísaði þeim frá.

Stefnandi kveðst frá þeim tíma, sem gerðardómurinn var upp kveðinn, hafa reynt án árangurs að koma á því ástandi, sem var innan félagsins, áður en samningarnir voru gerðir, enda telji hann, að samningurinn frá 26. júní 1991 sé eini gildandi samningurinn milli eigenda félagsins og að hann eigi rétt til 35,7% af hlutafé félagsins.

Stefnandi krafðist þess að fá stöðu sína hjá félaginu að nýju eftir niðurstöðu gerðardómsins, en þessum kröfum hans hefur verið hafnað af Skandia-Nord, og hefur stjórnarformaður Vátryggingafélagsins Skandia hf. neitað að boða stefnanda til hluthafafunda. Kveður stefnandi því hafa verið borið við, að vegna hlutafjáraukningarinnar 31. desember 1992 eigi stefnandi einungis lítinn hlut í félaginu og geti því ekki krafist hluthafafundar, en til að geta slíkt þurfi að eiga minnst 1/10 hlutafjár samkvæmt samþykktum félagsins.

Halda stefndu því fram, að stefnandi hafi aldrei í bréfum sínum til stefndu, þar sem hann setti fram framangreindar kröfur, boðið fram endurgreiðslu þess fjár, sem honum hafi verið greitt fyrir hlutafé sitt með samningi aðila frá 29. desember 1992, né þess hluta, sem hann virðist stundum telja sig eiga í því viðbótarhlutafé, sem félaginu hafi verið lagt til og um er deilt í máli þessu.

Með bréfi stjórnarformanns Vátryggingafélagsins Skandia hf., dags. 22. janúar 1995, er hafnað erindi stefnanda þess efnis, að hann sé framkvæmdastjóri Vátryggingafélagsins Skandia hf. og taki sæti í stjórn félagsins, m. a. á þeim forsendum, að Vátryggingafélagið Skandia hf. hafi ekki verið aðili að umræddu gerðardómsmáli og kröfur ekki verið gerðar á hendur því félagi og það því ekki bundið af niðurstöðum málsins.

Með bréfi, dags. 7. febrúar 1995, skrifaði stefnandi Vátryggingaefirlitinu og krafðist þess að vera skráður eigandi að 35,7% hlutafjár í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Því hafnaði Vátryggingaefirlitið, eftir að formaður stjórnar hafði tjáð sig um kröfu stefnanda, þar sem hann hafi ekki getað sýnt fram á, að hann ætti virkan eignarhlut í Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Á sama tíma sendi stefnandi stjórnarformanni Vátryggingafélagsins Skandia hf. bréf og óskaði eftir því, að hluthafafundur yrði haldinn í félaginu. Erindinu var hafnað á þeim forsendum, að hann hefði engin skilríki, sem sönnuðu ætlaða hlutafjäreign hans.

Fyrstu merki þess, að stefnandi hefði athugasemdir við hlutafjárhækkun í félaginu, sem um er deilt í máli þessu, og framsalið til Leifs Göran Victorin, kveða stefndu sett hafa verið fram í bréfi lögmanns hans 10. mars 1995, rúnum tveimur árum og þremur mánuðum eftir að hækkunin hafði verið gerð og tilkynnt Vátryggingaæftirliti og Hlutfélagaskrá. Athugasemdum lögmannsins var hafnað með bréfi stjórnarformanns félagsins 15. mars 1995.

Hinn 11. mars 1995 sendi lögmaður stefnanda Hlutfélagaskrá bréf og óskaði eftir því, að hún boðaði til hluthafafundar í Vátryggingafélaginu Skandia hf. samkvæmt heimild í 87. gr. hlutfélagalaga nr. 2/1995. Grundvöllur kröfunnar var sá, að stefnandi taldi sig vera hluthafa í félaginu og að formaður stjórnar félagsins hefði neitað að boða til fundar að ósk stefnanda. Stjórnarformanni félagsins var gefinn kostur á að tjá sig um erindið, og í kjölfarið afturkallaði stefnandi kröfuna um boðun hluthafafundar, og tilkynnti Hlutfélagaskrá stjórnarformanni félagsins þá niðurstöðu með bréfi 24. maí 1995.

Með bréfi, dagsettu 8. maí 1995, sem lögmaður stefnanda sendi stjórnarformanni Vátryggingafélagsins Skandia hf., kemur fram, að hann muni krefjast opinberrar rannsóknar á ýmsum brotum, sem hann telur stjórnarmenn og endurskoðendur Vátryggingafélagsins Skandia hf. hafa framið í tengslum við hlutafjárhækkunina, sem um er deilt í máli þessu.

Hinn 18. maí 1995 sendi lögmaður stefnanda síðan ríkissaksóknara kæru og óskaði eftir opinberri rannsókn á háttsemi stjórnarmanna og löggiltra endurskoðenda Vátryggingafélagsins Skandia hf. Eftir athugun á kærinni sjálfri og fylgigögnum þóttu ríkissaksóknara engin efni til að hefja opinbera rannsókn, og var kröfunni hafnað og stjórnarformanni félagsins tilkynnt um þau málalok 1. júní 1995.

Í kjölfar gerðardómsins og þrátt fyrir ýmsar hótanir stefnanda um kærur og málsóknir kveða stefndu fyrirsvarsmenn Skandia-Nord hafa átt viðræður við stefnanda og lögmennt hans mánuðum saman til að reyna að ná samkomulagi um uppgjör, en vegna óraunhæfra krafna stefnanda hafi ekki enn verið unnt að ná samkomulagi. Hefur Skandia-Nord höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í málinu nr. E-3074/1995, til ógildingar gerðardóminum. Í málinu er meðal annars farið fram á, að hnekkð verði niðurstöðu gerðardómsins um ógildingu, og til vara, að fjárhagslegt uppgjör á viðskiptum aðila fari fram, þar með talið, hvort stefnandi eigi að endurgreiða kaupverðið og eftir atvikum greiða Skandia skaðabætur vegna vanrækslu við stjórn Vátryggingafélagsins Skandia hf. eða hvort stefnandi eigi rétt á skaðabótum eða afhendingu hlutabréfa.

Að auki hefur stefnandi tilkynnt með bréfi, dagsettu 7. júlí 1995, gerðar-

dómsmeðferð á uppgjöri milli aðila. Mun stefnandi hafa í því máli sett fram kröfu um, að hann fái afhent hlutabréf í félaginu, en auk þess krefst hann skaðabóta vegna tapaðra launa og húsaleigugreiðslna.

III.

Kröfu sína um frávísun reisa stefndu aðallega á því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi þá lögvörðu hagsmuni, er þurfi, um þær kröfur, sem hafðar eru uppi í stefnu.

Til þess að geta svarað þeirri spurningu, hvort stefnanda sé heimilt að höfða mál á grundvelli 96. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, þurfi að ákvarða, hvort hann sé hluthafi í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Þeirri spurningu hafi ekki verið svarað í hinum samningsbundna gerðardómi, sem kveðinn var upp 20. janúar 1995.

Einnig kveðast stefndu styðja frávísunarkröfu sína því, að niðurstöðu þess gerðardóms, sem ógilti samningana frá 18. desember 1992 og 29. desember 1992, hafi verið skotið til Héraðsdóms Reykjavíkur, og er þess m. a. krafist, að niðurstaða gerðardómsins verði ógilt. Í því máli verður m. a. tekið á því álitaefni, hvort stefnandi eigi rétt á að fá afhent hlutabréf í Vátryggingafélaginu Skandia hf., og þá, hversu mikið. Þá hafi stefnandi óskað eftir því, að samningsbundinn gerðardómur kveði á um uppgjör aðila vegna ógildingar á samningunum í desember 1992.

Par sem ágreiningur um eignarhald stefnanda að hlutabréfunum sé nú til umfjöllunar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur í máli m. a. vegna ógildingar á gerðardóminum og stefnandi hafi auk þess óskað eftir gerðardómsmeðferð um þetta álitaefni, beri að vísa kröfum frá dómi, sbr. 24. gr. og 4. mgr. 94. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og 2. gr. laga nr. 59/1989 um samningsbundna gerðardóma.

Að þessu leyti sé einnig vísað til þess, að stefndu Vátryggingafélagið Skandia hf., Skandia og Leif Göran Victorin hafi ekki verið aðilar að þeim gerðardómi, sem ógilti samninga milli stefnanda og Skandia frá desember 1992, og geti stefnandi því ekki reist neinar kröfur á hendur þeim aðilum á grundvelli gerðardómsins.

Samkvæmt 1. mgr. 96. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 séu það einungis hluthafar, stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar, sem hafi rétt til þess að höfða mál vegna ákvörðunar hluthafafundar. Par sem stefnandi sé ekki hluthafi í félaginu né gegni trúnaðarstörfum fyrir það, hafi hann ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um þær kröfur, sem hann geri í málinu. Stefnandi eigi því engar kröfur á hendur stefndu, er hann eigi rétt á að fá dóm um, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Einnig styðja

stefndu frávísunarkröfu sína því, að málshöfðunarfrestir skv. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 32/1978 hafi verið liðnir, er mál þetta var höfðað. Ákvörðunin var gerð 30. desember 1992, en stefna barst ekki fyrr en 22. júní 1995, tæpum tveimur og hálfu ári eftir ákvörðunina.

Krafa um frávísun er einnig reist á því, að málatilbúnaður stefnanda sé með þeim hætti, að ekki samræmist ákvæðum 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum liðum e - g. Málinu eigi því að vísa frá vegna vanreifunar. Sem dæmi um vanreifun megi nefna, að stefnandi krefjist ógildingar hlutabréfa í fyrstu aðalkröfu, en tilgreini ekki neinar málsástæður þeirri kröfu til stuðnings. Þá hljóði kröfugerðin upp á ógildingu ákvörðunar hluthafafundar, en ekki sé fjallað um ákvörðun stjórnar um hlutafjárhækkun, sem sé í raun grundvöllur hlutafjárhækkunarinnar. Í málsástæðum stefnanda sé hins vegar með almennum hætti talað um að ógilda hlutafjáraukninguna, þar sem hún hafi ekki verið greidd. Þá sé ekki skýrt út í stefnu, hvaða tilgang ýmis fram lögð skjöl eigi að hafa. Dæmi um það séu vitnaleiðslur fyrir gerðardómi og greinargerðir aðila í því máli.

Að því er varðar stefnda Leif Göran Victorin, sé frávísunarkrafan sérstaklega studd því, að hann eigi ekki varnarþing hér á landi, þar sem hann eigi lögheimili í Svíþjóð. Sé því óheimilt að stefna honum fyrir rétt hér á landi. Auk þess séu viðskipti, sem krafan fjallar um, ekki í sérstökum tengslum við aðrar kröfur málsins.

IV.

Stefndu byggja frávísunarkröfu sína meðal annars á því, að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá dóm fyrir þeim kröfum, sem hann setur fram í stefnu. Stefnandi reisir málshöfðun sína á 96. gr. laga nr. 2/1995, einkum a- til c-lið, þar sem stefnandi eigi 35,7% hlutafjár í Vátryggingafélaginu Skandia hf.

Í 96. gr. laga nr. 2/1995 segir, að hluthafi, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geti höfðað mál vegna ákvörðunar hluthafafundar, sem hefur verið tekin með ólögætum hætti eða brýtur í bága við lög eða samþykktir félagsins.

Stefnandi vísar um kröfur sínar til þess, að hann eigi 35,7% í Vátryggingafélaginu Skandia hf., vegna dóms gerðardóms, upp kveðins 20. janúar 1995, þar sem ógiltir voru tveir samningar milli stefnanda og sænska vátryggingafélagsins Skandia, dagsettir 18. desember 1992 og 29. desember 1992. Kröfum um, að gerðardómur kvæði á um, að stefnandi fengi ekki hlutabréf sín afhent, fyrr en hann hefði endurgreitt andvirði þeirra, var vísað frá gerðardóminum. Ekkert var tekið á því í gerðardóminum, hvernig

skyldi fara með uppgjör milli aðila samningsins vegna ógildingar á samningnum.

Ljóst er af samningum, að Skandia, nú Skandia-Nord, seldi stefnanda öll hlutabréf sín 18. desember 1992 og að stefnandi seldi Skandia, nú Skandia-Nord, öll hlutabréf sín 29. desember 1992, og ekki er annað upplýst en stefnandi hafi fengið greiðslu fyrir. Gerðardómur, upp kveðinn 20. janúar 1995, ógilti báða þessa samninga. Áður en umræddir samningar voru gerðir, var aðstaðan sú, að stefnandi átti 35,7% hlutfjár í Vátryggingafélaginu Skandia hf. og Skandia, nú Skandia-Nord, átti 64,3%.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann eigi 35,7% í Vátryggingafélaginu Skandia hf. samkvæmt dómi gerðardóms, upp kveðnum 20. janúar 1995. Kröfum þess efnis, að gerðardómurinn kvæði á um, að stefnandi fengi ekki hlutabréf sín afhent, fyrr en hann hefði endurgreitt andvirði þeirra, var vísuð frá gerðardóminum. Ekki var tekið á því í gerðardóminum, hvernig fara skyldi með uppgjör milli aðila samningsins vegna ógildingar á samningnum.

Stefndi Skandia-Nord hefur höfðað mál á hendur stefnanda fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, sem þingfest var 18. maí 1995, m. a. til ógildingar á gerðardóminum, sem ógilti samninga aðila frá 18. og 29. desember 1992. Að auki hefur stefnandi tilkynnt með bréfi, dagsettu 7. júlí 1995, gerðardómsmeðferð á uppgjöri milli aðila, og gerir þar m. a. kröfu um að fá afhent hlutabréf þau, sem hann telur sig eiga í Vátryggingafélaginu Skandia hf., og hefur gerðardómur samkvæmt þessari beiðni tekið til starfa. Niðurstöður liggja hins vegar ekki fyrir í þessum málum, og er réttarstaða stefnanda að þessu leyti því óviss.

Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum, er óljóst, hvort eða hversu mikinn hluta stefnandi á í Vátryggingafélaginu Skandia hf., og því jafnframt óljóst, hverja aðild stefnandi kann að eiga að þeim kröfum, sem hann hefur sett fram í málinu, en kröfur hans eru þess eðlis, að þær eru byggðar á því, að stefnandi eigi töluverðan hlut í Vátryggingafélaginu Skandia hf. Þótt ekki verði talið óhugsandi, að stefnandi kunni að eiga hér einhverja hagsmuni, þykir aðild hans að málinu verulega óljós og vanreifuð, en gera verður þær kröfur, að stefnandi geti sýnt fram á það með óyggjandi hætti, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm um kröfur sínar, svo að á þær verði lagður efnisdómur. Eins og mál þetta er vaxið, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á það með óyggjandi hætti, að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að fá dóm fyrir kröfum sínum, og ber því þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi.

Í ljósi þeirrar niðurstöðu þykir rétt, að stefnandi greiði stefndu 100.000 kr. í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Gísli Örn Lárusson, greiði stefndu, Vátryggingafélaginu Skandia hf., Försäkringsaktiebolaget Skandia-Nord, Försäkringsaktiebolaget Skandia og Leif Göran Victorin, samtals 100.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.
